



Pollapönk í beinni!



113 Vælubíllinn

Það var einu sinni smástrákur
Sem hélt hann væri einráður.
En það væri í góðu lagi
Ef hann myndi hætta þessu væli.
Hringjum!

Ég þekki líka fjölda manns
Sem að grætur gengi dollarans.
Fyrir allan skrílinn,
Ég hringi á vælubílinn.
Hringjum!

Líka á hinu háa alþingi,
Þau grenja yfir samningi.
Og áður en ég æli,
Hættið þessu væli.
Hringjum!

Hvað gerum við við víkinginn?
Útrásar vælukettlinginn.
Við sendum hann á sjóinn.
Þá lagast vælukjóinn.
Hringjum!

Keyrða kynslóðin

Ég þarf ekki að labba neitt
né taka strætó númer eitt
pabbi minn er vagnstjórinn
hann er einkabílstjórinn

Keyrða kynslóðin, keyrða kynslóðin

pabbi keyrir endalaust
vetur, sumar, vor og haust
keyrir hvert á land sem er
þangað sem að hentar mér
(hafnarfjörður, Kópasker)

Keyrða kynslóðin, keyrða kynslóðin....

Mig langar uppí Grafarvog
og pabbi keyrir mig þangað
mig langar heim til vinar míns
og pabbi keyrir mig þangað
ég þarf að fara á fótboltaæfingu
og pabbi keyrir mig þangað
ég þarf að fara í næsta hús
og pabbi keyrir mig þangað.

Dýr er bensínlíterinn
og engan á ég peninginn
hann er ódýr aksturinn
pabba bill er rafknúinn

Keyrðar kynslóðin, keyrða kynslóðin...

Enga fordóma

La la la la la la
La la la la la la
La la la la la la
La la la

Hey! Lífið er of stutt
Fyrir skammsýni
Úr vegi skal nú rutt
Allri þröngsýni
Hlustið undireins
Inn við bebebebebebe...
beinið erum við eins
Og það bobobobobo-borgar
Sig að brosa

Burtu með fordóma
Og annan eins ósóma
Verum öll samtaka
Þið verðið að meðtaka
Þótt ég hafi talgalla
Þá á ekki að uppnefna
Þetta er engin algebra
Öll erum við eins

Hey! Hvort sem þú ert stór
eða smávaxin
Hvort sem þú ert mjór
eða feitlaginn
Hlustið undireins
Inn við bebebebebebe...
beinið erum við eins

Og það bobobobobo-borgar
Sig að brosa

Burtu með fordóma
Og annan eins ósóma
Verum öll samtaka
Þið verðið að meðtaka
Þótt ég hafi talgalla
Þá á ekki að uppnefna
Þetta er engin algebra
Öll erum við eins

Burtu með fordóma
Og annan eins ósóma
Verum öll samtaka
Þið verðið að meðtaka
Þótt ég hafi talgalla
Þá á ekki að uppnefna
Þetta er engin algebra
Öll erum við eins

La la la la la la
La la la la la la
La la la la la la
La la la la la la
La la la la la la
La la la la la la
La la la la la la
La la la la la la

Burtu með fordóma
Og annan eins ósóma
Verum öll samtaka

Þið verðið að meðtaka
Þótt ég hafi talgalla
Þá á ekki að uppnefna
Þetta er engin algebra
Öll erum við eins

MANNANAFNALAGIÐ

Krakkarnir voru að hlusta Brand Ara
Hann sagði þeim hvert hann væri að fara.
Til Lif Veru með Línus Gauta.
Því hún eru alveg úti að flauta.
Það er mannanafnaglundroði á Íslandi!

Því að Það sem má heita í dag má ekki heita á morgun
Já, farðu eftir reglunum.
Ef þú hlýðir ekki verðurú beittur dagsektum.
Og tapar öllum aurunum.

Borgar eignaðist Visa Skuld
Fór til Egils Daða með Vagni vitaskuld
Hittu þar Loft Stein hann rakst á Dís Ester,
Að hirða Leif Arnar upp sem betur fer.
Það er mannanafnaglundroði á Íslandi

Því að Það sem má heita í dag má ekki heita á morgun
Já, farðu eftir reglunum.
Ef þú hlýðir ekki verðurú beittur dagsektum.
Og tapar öllum aurunum.

Du-du-du-ru-ru-ru...oooooooooooo.....

Erlendur Hreimur er Megas Valur
Þetta var Mist Eik sagði hann Ævar Eiður
Það var Dagbjört Nótt er hann skipti um nafn.
Og núna á hann risastórt nafnasafn
Það er mannanafnaglundroði á Íslandi

Því að Það sem má heita í dag má ekki heita á morgun
Já, farðu eftir reglunum.
Ef þú hlýðir ekki verðurú beittur dagsektum.
Og tapar öllum aurunum.

Du-du-du-ru-ru-ru...oooooooooooo.....

Því að Það sem má heita í dag má ekki heita á morgun
Já, farðu eftir reglunum.
Ef þú hlýðir ekki verðurú beittur dagsektum.
Og tapar öllum aurunum.

Du-du-du-ru-ru-ru...oooooooooooo.....

Ævintýraeyjan

Stefnum í austurátt.
Hið nýja land skal numið brátt.
Leiðir á hanaslag
um okkar efnahag

Höldum á betri stað
Hér spilling hefur grasserað
Nú verða kaflaskil
á þessum hríðarbyl

Ævintýrin gerast hér
Með sjálfbært orkuver
Á Polla-land Rover
Þó þú eigir engan að
Og ert á vondum stað
Mun eyjan laga það

Hér má allt mögulegt
Bjánalegt og skemmtilegt
Fáðu þér Candyfloss
Því þú ert vinur oss

Á ævintýraeyjunni
Fólk gleymir aldrei bernskunni
Gulur, rauður, bleikur, blár
Fella gleðitár

Blár er heiðskýr himininn
Og gul er sólin
Sem birtir huga þinn.
Bleik eru ilmandi blómin
Og rauð fiðrildin
Flögra um skóginn.

Hér eru allir vinir
Þó séu ei sammála
Og enginn er að velta fyrir sér
Hvort sökkva eigi landi
Eða lepja jurtate

Hananú

Í sveitinni einn bóndi býr
með hesta, hunda, ær og kýr
þar er einnig hæsnabú
þar vantar hana-nú!

Hæurnar sem hauslausar
hlaupa um alveg brjálaðar
bóndi, bóndi vakna þú
það vantar hana-nú!

En bóndi vaknar ei
óóóóó.....nei
það vantar hana grey
já fussumsvei

Í fjósinu þar beljurnar
eru orðnar sársvangar
bóndi, bóndi, hvar ert þú?
Það vantar hana-nú!

Í fjárhúsi eru kindurnar
það gaula í þeim garnirnar
bóndi minn nú vakna þú
það vantar hana-nú!

En bóndi vaknar ei
óóóóó.....nei
það vantar hana grey
já fussumsvei x2

Loks haninn kom í leitirnar

og stökk hann inn um bakdyrnar
"bóndi minn nú vaknar þú"
gagg-ala-gagg-ala-gúúú!

bóndi nú í loftköstum
fór út og brynti dýrunum
nú dýrin eru södd og sæl
og syngja öll með stæl.

LALALALALALALALALALALALALALALALALA.....

Er líf í öðrum ísskápnum?

Hvaða vonda lykt er þetta úr ísskápnum?
af 9 vikna úldnum gömlum tómötum ó, já!

Hvað hljóð kemur nú frá ísskápnum?
Hljómar eins og líf frá öðrum plánetum ó, já!

Það er myglaður matur í ísskápnum
líkastur grænum geimverum
nú má búast við átökum
við gefumst ei upp!

Þessar grænu geimverur skal uppræta
losum okkur við (alla) þessa afganga, ó, já!

Kviknað hefur líf inn í ísskápnum
hann fullur orðin er af grænum geimverum ó, já!

Ráðumst nú á geimverumygluna
og hendum henni beint í ruslafötuna ó, já!

Það er myglaður matur í ísskápnum
líkastur grænum geimverum
nú má búast við átökum
við gefumst ei upp!

Þessar grænu geimverur skal uppræta
losum okkur við (alla) þessa afganga, ó, já!

Það er myglaður matur í ísskápnum
líkastur grænum geimverum
nú má búast við átökum
við gefumst ei upp!

En spurningin sem vaknar (kemur) upp í huganum
Er líf í öðrum ísskápum? Ó, já!

Pönkafinn

Komið með út á dansgólfið
Ég skal kenna ykkur nokkur spor.
Ekkert hliðar saman hliðar
Þessi dans er ekkert slor.

Setjið hendurnar upp í loft
Og hristið höfuðið.
Hoppið upp og niður
Já, nú byrjar pönkstuðið.

Já ég er pönkafinn,
Ég dansa pönkdansinn með stæl,
Nú finn ég bakverkinn,

Sendu mér tréstaðinn um hæl.

Með heyrnatækin að vopni
Ég heyri svaka vel.
Samt máttu hækka aðeins
Ca. 100 desibel.

Setjið hendurnar upp í loft
Og hristið höfuðið.
Hoppið upp og niður
Já, nú byrjar pönkstuðið.

Já ég er pönkaðinn,
Ég dansa pönkdansinn með stæl,
Nú finn ég bakverkinn,
Sendu mér tréstaðinn um hæl.

Garðar Rannsakar

Það hefur verið framin glæpur
Pollar verða að spretta á fætur
Stuðinu var stolið í gær
Græni hann hágrætur

Það vantar mann með reynslu
Það vantar mann með stáltaugar
Það kemur bara einn til greina
Hann Garðar rannsakar

Garðar rannsakar Garðar rannsakar Garðar rannsakar

Hann rannsakar
Hvar stuðið er statt
Stuðið er statt
Ég hef það fyrir satt
Blái stal því

Með stækkunargler í rykfrakka
Ekkert framhjá honum fer
Garðar kemst að hinu sanna
hjá Lúsa getur fundið krækiber

Blái liggur undir grun
alþekkt er hans sókn í stuð
Það þarf að knýja fram játtun
Aðferð Garðars er alkunn

Hver stal stuðinu úr húsinu í gær

Rauði stal stuðinu úr húsinu í gær
Ha ég ?
Já þú
Ekki satt
Hver þá

Leyniskápurinn

Veistu hvað mig langar að fara að gera
Prakkarast og haga mér eins og geimvera
Ég ætla að fara að fela mig inni í skápnum

Það er ofsa spennandi að liggja í leyni
Sérstaklega fyrir húsverðinum honum Reyni

Hann finnur mig aldrei hér í skápnum

En mig syfjaði og sofnaði sáttur
Svo kom nótt og myrkursins máttur
Settist yfir bæinn minn góða
Nú er ég aleinn upp í, upp í skóla

Elsku mamma hún var að fara á límingunum
(svo hún hringdi á lögguna sem að setti allt af stað)
Og fréttapulan hún fréttirnar las með hrjúfri röddu
(við lýsum eftir dreng því hann er týndur)
Þau finna mig aldrei í leyniskápnum

En mig syfjaði og sofnaði sáttur
Svo kom nótt og myrkursins máttur
Settist yfir bæinn minn góða
Nú er ég aleinn upp í, upp í skóla